

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og hafnarsvæðis – Hraun 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 5. desember 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulaginu Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, við Reyðarfjörð.

Breytingin felst í:

1. Stækkun byggingarreits á lóð nr. 1 til norðurs, austurs og suðurs.
2. Breyttri áfangaskiptingu hafnarsvæðis.
3. Breyttri legu leigulóðar álvers á hafnarsvæði.
4. Breyttri legu aðkomuleiðar frá þjóðvegi að hafnarsvæði.
5. Nýrri aðkomuleið frá þjóðvegi að lóð nr. 1 sunnan Sómastaða.
6. Kerbrotagryfja er felld út.
7. Sett eru í skilmála ákvæði um hámarkshæðir skorsteina, sem er 80 m yfir aðliggjandi jörð.
8. Gert er ráð fyrir skipum allt að 80.000 TDW panamax í stað 60.000 TDW áður.

Tillagan var auglýst til kynningar frá 18. desember til 15. janúar og frestur til að skila athugasemdum rann út 29. janúar 2003. Engar athugasemdir bárust.

Tillagan var send Skipulagsstofnun til athugunar og gerir hún ekki athugasemd við auglýsingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreyting þessi öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 13. febrúar 2003.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.